



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 6. febrúar 2025
MSS25020002
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 4.2.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að skora á ríkisstjórnina að gert sé ítarlegt mat á færnipörf á vinnumarkaði

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að skora á ríkisstjórn Íslands að láta framkvæma víðtækt mat á færnipörf á íslenskum vinnumarkaði, sem tekur sérstaklega fyrir breið áhrif þess fjölda ferðamanna sem sækir landið heim á íslenskt samfélag og almannaþjónustu.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar borgarráðs.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins telur mikilvægt að að gert verði mat á færnipörf á íslenskum vinnumarkaði sem tekur sérstaklega fyrir breið áhrif þess fjölda ferðamanna sem sækir landið heim. Það er athyglisvert að sú færnipörf sem metin er reglulega af Hagstofunni er eingöngu gerð út frá mannfjöldaspám. Færnipörf á vinnumarkaði vísar til þeirrar, þekkingar og færni sem atvinnulífið krefst af starfsfólki, bæði nú og til framtíðar. Þetta hugtak er notað til að greina hvaða færni er eftirsótt og hvaða skortur gæti verið á vinnumarkaðinum. Aukinn fjöldi ferðamanna hefur haft áhrif á heilbrigðisþjónustuna í landinu og þá sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins en þar er þjónustan viðkvæm. Það er mikilvægt að brugðist verði við þessari þörf og heilbrigðiskerfið verði eflt og þá sérstaklega á landsbyggðinni. Fólki er tíðrætt um að það þurfi að byggja upp innviði eins og vegi vegna fjölda ferðamanna sem er rétt en það þarf líka að huga að samfélagslegum innviðum eins og heilbrigðisþjónustu, skólakerfinu, almannavörnum og fleira. Það tekur tíma að tryggja mönnun í þessum innviðum. Flokkur fólksins tekur undir það að til þess að opinber stjórnvöld geti gert góðar framtíðaráætlanir um þróun og uppbyggingu þarf að liggja fyrir hvaða áskorunum samfélagið stendur frammi fyrir á hverjum tíma og hvert stefnir.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Borgarstjórn Reykjavíkur
4. febrúar 2025

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að áskorun á ríkisstjórnina að gert sé ítarlegt mat á færnipörf á vinnumarkaði

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að skora á ríkisstjórn Íslands að láta framkvæma víðtækt mat á færnipörf á íslenskum vinnumarkaði, sem tekur sérstaklega fyrir breið áhrif þess fjölda ferðamanna sem sækir landið heim á íslenskt samfélag og almannþjónustu.

Greinargerð

Færnipörf er reglulega metin af Hagstofunni, en spáin er þeim annmörkum háð að vera eingöngu gerð út frá mannfjöldaspám, því ekki liggja fyrir nægilega öruggar spár um árlegan fjölda ferðamanna og annarra mikilvægra áhrifaþátta. Til dæmis liggur hvergi fyrir mat á því hvað þarf mikið af heilbrigðisstarfsfólki á hvert hundrað erlendra ferðamanna og er því mat á færnipörf í heilbrigðiskerfinu að öllum líkindum verulega vanáætlað, en fjöldi erlendra ferðamanna árið 2024 var yfir tvær milljónir, Íslendingar sjálfir um 384 þúsund. Íbúar borgarinnar, eins og aðrir landsmenn, finna afar sárlega fyrir því að heilbrigðiskerfið er rekið undir of miklu álagi. Annað dæmi um núverandi takmarkanir við gerð spánna, er að í mannfjöldaspánni sem liggur þeim til grundvallar er aðeins höfðatala. Þetta þýðir að þær gera ekki nægilega vel grein fyrir breyttum áskorunum í almannþjónustu sem fylgja breyttri þjóðfélagsþróun. Til landsins flyst til að mynda vinnuafli sem ekki hefur íslensku að móðurmáli, meðal annars vegna mikilla atvinnutækifæra í ferðaþjónustu og afleiddum störfum. Fólk sem í vaxandi mæli sest að og eignast börn og nýtir því almannþjónustu hefur svo áhrif á hvers konar þjónustu þarf að standa undir bæði í skólakerfinu og annarsstaðar.

Mikilvægt er að horft sé heildstætt á þróunina, að spár og greiningar séu gerðar á hátt sem gerir stofnunum kleift að sinna upplýsingahlutverki sínu gagnvart hinu opinbera og almenningi. Til þess að opinber stjórnvöld, Reykjavíkurborg þeirra á meðal, geti gert góðar framtíðaráætlanir um þróun og uppbyggingu, sér í lagi uppbyggingu þjónustu, þarf að liggja fyrir hvaða áskorunum samfélagið stendur frammi fyrir á hverjum tíma og hvert stefnir. Það er hægðarleikur að ákveða að byggja skóla og leikskóla, heilbrigðisstofnanir, bjóða út byggingarverkefni og innviðaframkvæmdir – en það er annað að tryggja mönnun í þau verkefni eða fjármagn ef opinber gögn eru ekki nákvæm hvað þetta varðar. Áreiðanleg opinber gögn eru undirstaða skynsamlegra áætlana um uppbyggingu, fjármögnun og framtíðarþróun.